



Ragnheiður B. Guðmundsdóttir, félagsráðgjafi,
fjölskyldufræðingur og doktorsnemi við HÍ

„Samfélag sem leggur áherslu á velferð barna verður að styðja foreldra þeirra“

Félagsráðgjafar og barnaverndarstarfsmenn gegna lykilhlutverki í stuðningi við börn og fjölskyldur og starfa sem verndarar barna. Farsæld barna er oftast best varin innan fjölskyldunnar, þar sem er samofið kerfi flókinna tilfinningatengsla því að fjölskyldumeðlimir eru skuldbundnir hver öðrum í siðferðilegri og gagnkvæmri hollustu (Sigrún Júlíusdóttir, 2001).

Þegar kemur að stuðningi og endurnýjun tengsla barna og umönnunaraðila koma hraðvirkar aðferðir ekki að gagni ef tilfinningaleg úrvinnsla á að eiga sér stað (Salvör Nordal o.fl., 2010).

Með lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021 er áhersla lögð á að vakta velferð barna og þörf umönnunaraðila fyrir þjónustu og skal veita þeim sérhæfða þjónustu á skilvirkan hátt, með teymi þvert á kerfi og einstaklingsbundnum áætlunum. Markmið laganna er að fækka áföllum sem börn verða fyrir og auka seiglu þeirra, sem mun síðan


bæta afkomu hins opinbera til framtíðar (Stjórnaráðið, e.d.).

Í stöðuskýrslu til ráðherra á þriðja ári innleiðingar farsældarlaganna greinir sveitarfélagið Árborg, sem er eitt fjögurra frumkvöðlasveitarfélaga í innleiðingu farsældarlaganna, frá því að áfram þurfi að tryggja að tengiliðir hafi svigrúm til að kortleggja stuðningsþarfir og gera áætlanir um næstu skref í mál-efnum barna og fjölskyldna á fyrsta stigi farsældar (Stjórnarráðið, 2024). Mikilvægt sé að félagsráðgjafar hafi tíma til að tileinka sér gagnreyndar aðferðir til að skima þarfir fjölskyldunnar eins og farsældarlögin gera ráð fyrir.

DMM-módelið er byggt á fræðilegum grunni tengslakenninga Ainsworth, Bowlby, Crittenden o.fl. auk kenninga um félagslega vistfræði og atferli og fjölskyldu- og þroskakennningu (Crittenden, 2016). DMM-módelið leggur áherslu á að skoða mannlegt eðli einstaklingsins og tilurð þeirrar tengslahegðunar sem hann hefur tileinkað sér við umönnunaraðila

sína og síðar við maka á mismunandi lífsskeiðum. Áhersla er lögð á að skoða mögulegar hættur í tengslasamböndum (Crittenden, 2017b). DMM-módelið flokkar tengslahegðun í A, B, C og A/C-tengslahegðun.

Tengslahegðun má skipta í örugga og óörugga tengslahegðun þar sem óörugg tengslahegðun skiptist í tvo undirflokk: A-tengslahegðun þar sem barn sýnir forðunartengsl (e. insecure-avoidant attachment) og C-tengslahegðun þar sem barn sýnir tvíbent tengsl (e. insecure-ambivalent attachment). A/C og AC er blönduð tengslahegðun sem er helst sýnileg hjá einstaklingum sem hafa búið við verulega hættu sem börn. B-tengslahegðun tekur til örugga tengsla (e. secure attachment) þar sem börn upplifa umönnunaraðila sinn sem örugga höfn. Tengslahegðun sem flokkast sem A1–2, B1–5 og C1–2 fellur undir örugga tengslahegðun (Bowlby, 1988; Crittenden, 2017b; Family Relations Institute [FRI], e.d.).



Gagnreynd matstæki sem eru byggð á grunni tengslakenninga og tilheyrja „Dynamic Maturational Model of Attachment and Adaptation“, DMM-módelinu.

DMM-tengslamatstækin gefa ómálga börnum, sem ekki hafa vitsmunalega eða tilfinningalega getu til að tjá sig, færi á að tjá sig með óyrtri hegðun í tengslum við umönnunaraðila (Kozłowska, o.fl., 2020), auk þess sem í matstækjunum fyrir börn er lögð áhersla á líffræðilega merkingu og tilgang tengslahegðunarinnar (Baim og Morrison, 2011). Snemmtækar skimanir með matstækjum DMM-móðelsins geta leitt til inngripa sem hafa jákvæð langtímaáhrif og komið í veg fyrir aðskilnað barns og foreldra, dregið úr kostnaði og úr streitu meðal fagaðila og verndað viðkvæm börn og fjölskyldur þeirra (Crittenden o.fl., 2024b).

Ávinningur af notkun matstækja DMM-móðelsins felst í því að unnt er

að skima alla fjölskyldumeðlimi út frá sama fræðilega grunni, samhæfðu verklagi og matstækjum þar sem tekið er mið af mismunandi þroskaskeiðum einstaklinga. Með því að skilja tilurð tengslahegðunar einstaklingsins er unnt að veita stuðning sem miðast við getu og færni hvers og eins. DMM-matstækin eru notuð til forvarna og til að meðhöndla sálfélagslega erfiðleika einstaklinga og þau eru einnig notuð til að skima fyrir hugsanlegri hættu í tengslasamböndum barna og umönnunaraðila. DMM-módelið gegnir mikilvægu hlutverki í vinnslu mála hjá barnaverndarnefndum og í forsjármálum víða um heim.

Hér á eftir verður fjallað stuttlega um átta tengslamatstæki DMM-mód-

elsins, sem taka til mismunandi lífsskeiða og eru fyrir börn á aldrinum 0–6 ára, skólabörn á aldrinum 6–13 ára, ungmenni á aldrinum 16–25 ára og fyrir fullorðna. Matstækin gera félagsráðgjöfum kleift að skima þarfir og færni fjölskyldumeðlima sem glíma við fjölþættan vanda, og í framhaldinu byggja upp stuðningsáætlanir sem eru miðaðar að þörfum hvers og eins.

TENGLAMATSTÆKI FYRIR BÖRN Á ALDRINUM 0–6 ÁRA

Matstæki fyrir börn á aldrinum 0–6 ára byggjast á myndbandsupptökum þar sem tengsl barns við umönnunaraðila eru skoðuð.

„Infant Care Index“, ICI, er matstæki sem skimar tengsl barns og umönn-

unaraðila og er ætlað börnum á aldrinum 0–15 mánaða. Tengslamatstækið er byggt á þriggja til fimm mínútna myndbandsupptöku af barni og umönnunaraðila þar sem umönnunaraðilinn er beðinn að leika við barnið eins og hann gerir vanalega. ICI-tengslamatið getur gefið vísbendingar um hvort hættu sé á ferð í tengslasambandi barns og umönnunaraðila, sér í lagi þegar barn býr við ofbeldi eða ef umönnunaraðili glímir við andleg veikindi (Farnfield o.fl., 2010; Crittenden o.fl., 2014; The international Association for the Study of Attachment [IASA], e.d.; FRI, e.d.).

ICI-matstækið er hægt að nota í meðferðarvinnu með umönnunaraðila, auk þess sem hægt er að endurtaka skimunina reglulega meðan á meðferð stendur til að meta árangur af tengslaeflandi meðferð.

„Strange Situation Procedure“, SSP, er greiningartæki sem er ætlað börnum á aldrinum 11–17 mánaða og umönnunaraðila þeirra. SSP-matstæki Ainsworth er byggt á myndbandsupptöku sem fer fram á rannsóknarstofu og tekur um 20 mínútur. SSP-matið greinir tengslahegðun barns þegar barnið er aðskilið frá umönnunaraðila og tengslum barnsins við umönnunaraðilann er ógnað. Barnið er tvisvar aðskilið frá umönnunaraðila sínum, fyrst með ókunnugum aðila og svo er barnið eitt í þrjár mínútur uns ókunnugi aðilinn kemur inn aftur og þremur mínútum síðar kemur umönnunaraðilinn aftur til barnsins (Crittenden o.fl., 2014; FRI, e.d.). Matið fer aðeins fram einu sinni með hverju barni.

„Preschool Assessment of Attachment“, PAA, er greiningartæki ætlað börnum á aldrinum átján mánaða til fimm ára og umönnunaraðila þeirra. Eins og SSP-greiningarmat Ainsworth fer PAA-matið fram á rannsóknar-

stofu og tekur um 20 mínútur. Matsækið greinir tengslahegðun barns við aðskilnað frá umönnunaraðila, þar sem tengslum er ógnað eins og í SSP-matinu. PAA-matið fer aðeins einu sinni fram með hverju barni, eins og SSP-matið (Crittenden o.fl., 2014; IASA, e.d.; FRI, e.d.).

„Toddler Care Index“, TCI, er ætlað börnum á aldrinum fimmtán mánaða til sex ára, með umönnunaraðila. Tengslamatstækið er byggt á fimm mínútna myndbandsupptöku af barni og umönnunaraðila þar sem umönnunaraðilinn er beðinn að leika við barnið eins og hann gerir vanalega. Eftir þrjár mínútur í leik er umönnunaraðila gefið merki um að gera hlé á leiknum og hann beðinn að trufla/angra barnið (e. frustrate) í eina mínútu. Þegar ein mínúta er liðin er umönnunaraðilanum gefið merki um að hefja leik að nýju og leika við barnið í eina mínútu. TCI-matið skimar tengsl barns í leik með umönnunaraðila og hvernig umönnunaraðila tekst að setja barni mörk í leikhléi (Crittenden o.fl., 2014). Einnig er hægt að nota tengslamyndbandsupptökurnar í vinnu með umönnunaraðilum, líkt og aðferðafræði, „1-2-3 inngrips“, sem Helen Johnson og Crittenden hafa þróað fyrir breska dómstóla. Matstækið er notað til að ákvarða hvort börn skuli snúa heim til umönnunaraðila eftir vistun utan heimilis. Markmiðið er að skima hvaða stuðning umönnunaraðilar og börn þurfa svo tengslapörfum barnanna sé mætt (Crittenden o.fl., 2024b; FRI, e.d.).

TENGLAMATSTÆKI FYRIR BÖRN Á ALDRINUM 6–13 ÁRA

„School-age Assessment of Attachment“, SAA, er tengslaviðtal sem er ætlað börnum á aldrinum sex til þrettán ára. Tengslaviðtalið tekur 30 til 45

mínútur, en í upphafi viðtalsins eru börnin spurð út í tengslasambönd. Tengslaviðtalið er fólgið í því að barni eru sýnd sjö kort með ólíkum myndum. Myndirnar sýna ólíkar aðstæður sem lýsa mismunandi hættustigum, allt frá lítilli hættu yfir í meiri hættu, sem börn á skólaaldri geta lent í eða geta ímyndað sér að lenda í. Barnið er beðið að skálda sögur við hvert kort og síðan er það spurt hvort það hafi lent í einhverju sambærilegu. Tengslaviðtalið er tekið upp á hljóðtæki og síðan afritað og greint eftir orðræðugreiningu DMM-aðferðafræðinnar. SAA-tengslaviðtalið getur greint óuppgerð áföll og missi (Crittenden og Landini, 2011; Crittenden o.fl., 2014; IASA, e.d.; FRI, e.d.).

TENGLAMATSTÆKI FYRIR UNGMENNIR Á ALDRINUM 16–25 ÁRA

„Transition into Adulthood Attachment Interview“, TAAI, er tengslaviðtal sem ætlað er ungmennum á aldrinum 16–25 ára. Tengslaviðtalið tekur um eina klukkustund og er tekið upp á hljóðtæki, síðan afritað og greint eftir orðræðugreiningu DMM-aðferðafræðinnar og sambandi einstaklingsins við þann sem tekur viðtalið. TAAI-viðtalsformið er byggt á spurningum sem taka til bernskuupplifana einstaklingsins, vinasambanda, parsambanda og tengsla við umönnunaraðila. TAAI skimar fyrir óuppgerðum áföllum og tengslahegðun einstaklingsins (Crittenden og Landini, 2011; Crittenden o.fl., 2014; IASA, e.d.; FRI, e.d.).

TENGLAMATSTÆKI FYRIR FULLORÐNA OG UMÖNNUNARAÐILA

„Adult Attachment Interview“, AAI, er tengslaviðtal ætlað fullorðnum einstaklingum. Tengslaviðtalið er byggt



DMM-módelið leggur áherslu á að skoða mannlegt eðli einstaklingsins og tilurð þeirrar tengslahegðunar sem hann hefur til- einkað sér við um- önnunaraðila sína og síðar við maka á mismunandi lífs- skeiðum

á 45 spurningum og tekur um eina til eina og hálfa klukkustund. Viðtalið er tekið upp á hljóðtæki og greint eftir orðræðugreiningu DMM-aðferða-fræðinnar og sambandi einstaklingsins við þann sem tekur viðtalið. AAI er byggt á spurningum sem taka til bernskuupplifana einstaklinganna og áhrifa þessara upplifana á hugsun þeirra og hegðun í bernsku, og á for-eldra þeirra. Uppröðun spurninga er á þann veg að byrjað er á spurningum sem taka til lítillar hættu og eftir því sem líður á viðtalið er talinu beint að spurningum sem snúa að hættulegum upplifunum. Áhersla er lögð á að finna út hvaða skilning einstaklingurinn leggur í eigin bernskuupplifanir á fullorðinsárum. AAI-tengslavið-

talið greinir úppgerð áföll, depurð og kvíða, og tengslahegðun einstaklingsins (Crittenden og Landini, 2011; Crittenden o.fl., 2014; IASA, e.d.; FRI, e.d.).

LOKAORD

Þau átta DMM-tengslamatstæki sem gerð hafa verið skil hér að framan eru til þess fallin að auka skilning á áföllum sem einstaklingar hafa gengið í gegnum og því hvernig hver einstaklingur túlkar eigin aðstæður og upplifanir. Út frá þeirri sýn er unnt að leggja til markvissan stuðning sem miðar að þörfum og færni hvers og eins.

DMM-tengslanálgunin er ný hér á Íslandi. Síðastliðið ár hefur fagaðilum gefist kostur á að sækja námskeið í DMM-fræðum bæði hér á landi og í Reggio Emilia á Ítalíu, við „Family Relations Institute“ undir handleiðslu dr. Patriciu Crittenden og Andreu Landini, barna- og unglingageðlæknis, í samstarfi við Tengslamat ehf. Nánari upplýsingar má fá um DMM-módelið á heimasíðu Family Relations Institute (FRI) og á heimasíðu International Association for the Study of Attachment (IASA). Barnaverndarþjónustur á Íslandi eru farnar að nýta sér matstæki DMM-móðelsins hjá Tengslamati ehf. og aukinn áhugi er á tengslaeflandi meðferðarvinnu meðal fagaðila.

Þar sem matstækin eru byggð á grunni tengslakenninga Ainsworth og Bowlby er viðeigandi að enda á upphafsorðum greinarinnar, en Bowlby taldi framtengsl fylgja barni frá vöggu til grafar og því væri mikilvægt að samfélög sem legðu ríka áherslu á velferð barna styddu foreldra þeirra (Bowlby, 1981).

HEIMILDIR

Baim, C. og Morrison, T. (2011). *Attachment-based practice with adults: Understanding strategies and promoting positive change*. Pavilion.

Bowlby, J. (1981). *Rediscovery of the family & other lectures: Sister Marie Hilda memorial lectures 1954–1973*. Aberdeen University Press.

Bowlby, J. (1988). *A secure base: Parent-child attachment and healthy human development*. Routledge.

Crittenden, P. M., og Landini, A. (2011). *Assessing adult attachment*. W. W. Norton & Company.

Crittenden, P. M., Dallos, R., Landini, A. og Kozlowska, K. (2014). *Attachment and family therapy*. McGraw-Hill Education.

Crittenden, P. M. (2016). *Raising parents: Attachment, representation, and treatment* (2. útg.). Routledge.

Crittenden, P. M. (2017). *The secret lives of children*. *Child Psychology and Psychiatry*, 22(3), 345–357. <https://doi.org/10.1177/1359104517715933>

Crittenden, P. M., Farnfield, S., Spieker, S., Landini, A., Oxford, M., Robson, K., Karlsen, S., Johnson, H., Ellis, V. og Ash, Z. (2024). Alternatives to foster care. Í Marco Carotenuto (ritstjóri), *Mental health of children and adolescents in the 21st century*. <https://doi.org/10.5772/intechopen.1005127>

Family Relations Institute. (e.d.). *DMM model*. <https://www.familyrelationsinstitute.org>

Farnfield, S., Hautamäki, A., Norbeck, P. og Sahhar, N. (2010). DMM assessments of attachment and adaptation: Procedures, validity and utility. *Clinical Child Psychology and Psychiatry*, 15(3), 313–328.

Kozlowska, K., Scher, S., og Helgeland, H. (2020). Functional somatic symptoms in children and adolescents: A stress-system approach to assessment and treatment. Palgrave Macmillan.

Salvör Nortal, Sigrún Júlíusdóttir og Vilhjálmur Árnason (ritstj.). (2010). *Velferð barna, gildisamat og ábyrgð samfélags*. Síðfræðistofnun – Háskólaútgáfan.

Sigrún Júlíusdóttir. (2001). *Fjölskyldur við alda-hvörf*. Háskólaútgáfan.

Stjórnarráð Íslands. (2024). *Innleiðing laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna; Stöðuskýrsla til ráðherra á þriðja ári innleiðingar*. <https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MRN/skyrsla-innleiðing-farsaeldar-mai-2024.pdf>

Stjórnarráð Íslands. (e.d.). *Samþætting þjónustu í þágu farsældar barna*. <https://www.stjornarradid.is/library/04-Raduneytin/Felagsmal-araduneytid/Breytingar%20%C3%AD%20%C3%BE%20%C3%A1gu%20barna%20-%20sam%C3%BE%20%C3%A6tting%20%C3%BE%20%C3%B3nustu.pdf>

The International Association for the Study of Attachment. (e.d.). *About attachment*. <https://www.iasa-dmm.org/about-attachment/>